



HOLLVINIR GRENÁSDEILDAR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2009

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið
1. janúar til 31. desember 2009.

Reykjavík, 15. apríl 2010

Gunnar Finnsson

Edda Bergmann

Guðrún Pétursdóttir

Þórir Steingrímsson

Þórunn Þórhallsdóttir

ADALFUNDUR 19. APRÍL 2010

SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminnar á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 27. maí 2009. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Gunnar Finnsson; varaformaður Þórir Steingrímsson; ritari Guðrún Pétursdóttir; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Edda Bergmann. Varamenn: Ásgeir B. Ellertsson og Baldvin Jónsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Bergur Jónsson og Ellert Skúlason. Varamenn hafa setið stjórnarfundum og tekið fullan þátt í störfum stjórnarinnar. Jafnframt hefur stjórnin notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

Söfnunarátakið Á rás fyrir Grensás

Straumhvörf áttu sér stað í fjárhag samtakanna á árinu og þar með getu þeirra til að styðja við Grensásdeild. Má þar fyrst og fremst þakka aðkomu Eddu Heiðrúnar Backman, leikkonu. Edda Heiðrún kynnti á seinasta aðalfundi samtakanna hugmynd sína um söfnunarátak til að afla fjár til að bæta við húsnæði og auka tækjakost Grensásdeildar. Ákveðið var strax þar á eftir að hleypa söfnunarátakinu af stað undir merkjum Hollvina Grensásdeildar og að Edda Heiðrún mundi standa fyrir því í samstarfi með samtökunum. Var stofnaður stýrihópur fyrir átakið og sátu í honum auk Eddu Heiðrúnar, stjórn og varamenn í stjórn HG. Þá sat Stefán Yngvason fundi hópsins honum til ráðgjafar og eins sem tengiliður við stjórn LSH. Auk þess að hafa umsjón með skipulags- og fjármálum söfnunarinnar skiptu einstaklingar innan hópsins með sér verkum við að leita til ýmissa fyrirtækja og aðila, sem talið var að hefðu getu til að styðja átakið með framlögum.

Fyrirsjáanlegt var í upphafi að átakanu mundi fylgja mjög mikil vinna, sem ekki var hægt að ætlast til að sjálboðaliðar ynnu. Var því ráðinn framkvæmdastjóri, Orri Huginn Ágústsson. Í starfi hans fólst m.a. að skrá framlög til söfnunarinnar og fylgja eftir innheimtu loforða um framlög; annast greiðslu kostnaðar við söfnunarátakið; halda bókhald yfir fjárreiður söfnunarátaksins; annast skipulagningu sölu, framleiðslu og dreifingu á listmunum hönnuðum af listamönnum sem gáfu verk sín eða vinnu til söfnunarinnar; almenn kynning á söfnunarátakinu og aðstoða Eddu Heiðrúnu í framkvæmd skipulags og kynningarverka.

Strax í upphafi voru settar reglur er vörðuðu fyrirkomulag og fjármál söfnunarátaksins. Þar var m.a. kveðið á um að fjármál þ.m.t. reikningshald söfnunarátaksins skyldu vera aðskilin frá fjármálum og reikningshaldi Hollvina Grensásdeildar; ráðinn yrði utanaðkomandi löggiltur endurskoðandi til að annast endurskoðun og eftirlit með því að fjárreiður átaksins væru lögum samkvæmt og að hætti þess sem best gerist; og, nema að hið gagnstæða reyndist sannanlega betri kostur í einhverju tilviki, skyldi sú regla almennt gilda að ekki væri samið um kaup á þjónustu eða varningi fyrir átakið frá aðila, sem væri nákominn eða nátengdur stjórnarmeðlimi eða varamanni í stjórn HG.

Söfnunarátakið hófst þ. 5. júlí þegar Gunnlaugur Júlíusson hljóp áheitslaup frá Grensásdeild til Akureyrar. Hljóp hann undir merkinu *Á rás fyrir Grensás* og varð það síðan heiti söfnunarátaksins. Á menningarnótt, þ. 22. ágúst var svo útihátíð undir merki átaksins á Óðinstorgi í Reykjavík. Kom þar að fjöldi starfsfólks á Grensásdeild sem og aðrir einstaklingar sem öll lögðu fram mikið starf í sjálfböðavinnu. Voru seldir munir og léttar veitingar, veitt leiðsögn í blómaskreytingum ofl. og rann allur ágóðinn til átaksins. Eins

komu þar fram þekktir listamenn, sem sömuleiðis gáfu vinnu sína. Þá fór fram Reykjavíkumaraþonið en þar hlupu margir fyrir söfnunarátakið. Var sú þátttaka skipulögð í sjálfböðavinnu af Lindu Kristinsdóttur og Sigþrúði Loftsdóttur, sem báðar starfa á Grensásdeild.

Hámark átaksins var svo söfnunarbáttur RÚV í beinni sjónvarpsútsendingu föstudaginn 25. september. Var hann skipulagður af Eddu Heiðrínu og RÚV. Komu þar fram í sjálfböðavinnu fjöldi landsfrægra listamanna sem og aðrir þekktir einstaklingar en jafnframt var kynnt starfsemi Grensásdeildar og viðtöl höfð við sjúklinga þar og aðstandendur þeirra. Var þátturinn glæsilega úr garði gerður af hálfu allra sem að honum komu. Eiga þau og RÚV sem og sjálfböðaliðarnir í símaverunum, sem tóku á móti áheimum, miklar þakkar skilið fyrir.

Árangurinn af söfnunaráttakinu fór fram úr björtustu vonum. Þegar frá er dreginn kostnaður skilaði átakið 102,5 m. króna en auk þess bærust miklar gjafir í fríðu. Þessi glæsilegi árangur er ávöxtur vinnu afar fjölmenns hóps einstaklinga og rausnar margra fyrirtækja og einstaklinga út um land allt og erlendis. En hann er jafnframt tákn þess að þjóðin í heild skilur og metur mikils það þjóðhagleglega mikilvæga starf, sem Grensásdeild vinnur.

Helsti kostnaðurinn við átakið fólst í launum en Orri Huginn, framkvæmdastjóri, var í fullu starfi frá því í júlí og til októberloka 2009 en eftir það í hlutastarfi til marsloka 2010 m.a. til að fylgja eftir innheimtu áheita og ganga frá uppgjöri fyrir endurskoðendur átaksins. Löggiltu endurskoðendurnir Valdimar Guðnason og Valdimar Ólafsson buðu af rausn að endurskoða endurgjaldslaust reikninga átaksins.

Reglur um ráðstöfun söfnunarjárins

Settar hafa verið reglur um hvernig ráðstafa megi söfnunarfénu. Í þeim kemur fram m.a. að almennt skal sú regla gilda að fé skal eingöngu veitt til framkvæmda er styðja við og/eða efla endurhæfingastarfsemi Grensásdeildar, og/eða stuðla að bættum aðbúnaði sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks þar; að framlögum skal einungis varið til nýbygginga eða viðbóta við húsnæði Grensásdeildar og að því loknu, eða fyrir ef kringumstæður réttlæta, til kaupa á háþrúðum tækjum og útbúnaði til endurhæfingar; að framlögum skal ekki varið til reksturs Grensásdeildar; og við val og forgangsroðun einstakra framkvæmda skal leitað álits stjórnenda Grensásdeildar. Ákvarðanir um ráðstöfun í einstökum tilvikum skulu teknar af hópi sem samanstendur af stjórn Hollvína Grensásdeildar og Eddu Heiðrínu Backman. Yfirlæknir Grensásdeildar skal sitja fundi hópsins og vera honum til ráðgjafar. Ákvarðirnar skal byggja á áætlaðri arðsemi þeirrar framkvæmdar sem veita á fé til eða öðrum hlutlægum röksemdum, sem réttlæta hana.

Þróun mála

Söfnunarféð verður í skammtímaávöxtun hjá nokkrum fjármálastofnunum. Ráðstöfun þess er mikið ábyrgðarmál og verður að tryggja að fremsta megni að það sé gert á vel skipulagðan máta þannig að hámarksnýting náist. Hefur þess vegna verið talið grundvallaratriði að ráðstafa fénu ekki fyrir en búið væri að hanna nýtt skipulag á Grensásdeildarreitnum þar sem fram kæmi hvernig uppbygging væri fyrirhuguð á reitnum þ.m.t. ný álma fyrir sjúkra- og iðjuþjálfun og bílageymsla. Verið er að vinna það verk af fasteignasviði LSH í samvinnu við stjórnendur Grensásdeildar og HG. Frumniðurstöður hönnunarinnar liggja nú fyrir og verða þær kynntar á þessum aðalfundi. Endanlegt kostnaðarmat liggur ekki fyrir en gróflæg áætlun kveður á um að nýbyggingin og nauðsynlegar endurbætur á núverandi húsnæði muni í heild kosta ekki minna en 800 m.kr.. Leitað er leiða til að fjármagna þessar framkvæmdir og hefur aðkoma lífeyrissjóða verið nefnd í því sambandi.

Heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, hefur sýnt þessu máli mikinn áhuga og velvild. Heimsótti hún Grensásdeild þ. 19. febrúar sl. ásamt nokkrum helstu yfirmönnum ráðuneytisins, átti fund þar með stjórnendum frá LSH og HG og fór síðan skoðunarferð um deildina. Ráðherra var kynnt þjóðhagslegt mikilvægi og arðbærni Grensásdeildar og sú

staðreynd að deildin varð útundan í góðærinu og þess vegna illa í stakk búin til að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. HG höfðu sótt um undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts vegna framkvæmda greidd fyrir með söfnunarfénu. Ekki var hægt að bregðast við þeirri beiðni en ráðherra mun beita sér fyrir að HG fái styrk sem þeirri upphæð nemur, þ.e.a.s. 25 til 30 m.kr., til framkvæmdar að vali HG. Samtökin eru mjög þakklát fyrir þessa úrlausn og hafa ákveðið í samráði við stjórnendur Grensásdeildar að til að bæta aðgengi fatlaðra að deildinni skuli fénu varið til að koma upp yfirbyggðu bílastæði með snjóbræðslu fyrir 10 til 15 bifreiðar við aðalinngang hennar. Þá framkvæmd er hægt að hefja á þessu ári.

Vefsíða

Merkur áfangi náðist í stuttri sögu HG þegar vefsíða samtakanna www.grensas.is var opnuð þ. 21. september 2009. Var þar að þakka fyrirtækinu SmartMedia, sem bauðst til að hanna síðuna endurgjaldslaust. Aðalheiður Högnadóttir, skrifstofustjóri á Grensásdeild, hefur síðan boðið aðstoð sína við að uppfæra síðuna. Þá er samtökunum Heilaheill sérstaklega þakkað fyrir að hafa boðið HG frá upphafi að nýta heimasíðu sína þar til samtökin fengu sína.

Meðlimafjöldi og fjárhagur Hollvina Grensásdeildar

Meðlimum Hollvina Grensásdeildar, sem voru rösklega 140 í upphafi ársins hefur fjölgað og eru nú um 210. Árgjaldið hefur verið 1.000- krónur síðan samtökin voru stofnuð 2006. Þrátt fyrir að kaupmáttur árgjaldsins hefur minnkað mjög á þessum tíma leggur stjórnin til að það haldist óbreytt með tilliti til aðstæðna í þjóðfélaginu. Á bankareikningum samtakanna voru rúmar 1048,9 þús. kr. um síðastliðin áramót. Margir velunnarar samtakanna hafa styrkt þau með fjárframlögum á árinu. Þá er sala minningarkorta vaxandi tekjulind. Þar hefur Aðalheiður Högnadóttir aftur reynst haukur í horni því hún hefur tekið að sér, líka í aukavinnu, að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort. Kunna HG Aðalheiði miklar þakkir fyrir.

Samvinir

Frá upphafi hefur verið náið samstarf milli HG og samtakanna Heilaheill og eins er samstarf við Sjálfsbjörg en fyrir öll þessi samtök skiptir starfsemi Grensásdeildar miklu máli.

Starfsáætlun komandi árs

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG stuðli að því að skipulagsvinnu við Grensásdeildarreitinn ljúki sem fyrst og fenginn verði samþykkt borgarinnar á nauðsynlegum deiliskipulagsbreytingum. Jafnframt að HG taki þátt í og styðji við kynningarstarfsemi, sem auðveldað geti fjármögnun fyrirhugaðra framkvæmda. Eins að fylgja eftir að reist verði yfirbyggt bílastæði við aðalinngang Grensásdeildar, og stuðla að kaupum á tækjum og útbúnaði sem Grensásdeild vanhagar um. Unnið verður áfram að fjáröflun á vegum HG og lögð áhersla á að leita nýrra fjáröflunarleiða. Þá verður áfram vakin athygli á starfi Grensásdeildar og þýðingu hennar fyrir þjóðfélagið.

Lokaorð

Árið 2009 hófst dapurlega. Á Grensásdeild, sem þegar hafði búið við fjársveldi í góðærinu, þurfti vegna hrunsins að loka annarri legudeildinni og fækka hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum um 13 stöðugildi. En sá frábæri og jákvæði starfsandi, sem þar hefur alltaf ríkt er óbreyttur og þar heldur starfsfólkið ótrautt áfram að vinna verk sem hafa verið kraftaverk í lífi svo margra og skilað þjóðinni ómældum arði. HG dást að og þakka þessu frábæra liði.

Ög árinu lauk á bjartsýnum nótum. Árangur söfnunarárþaksins *Á rás fyrir Grensás* var einstakur. HG færir Eddu Heiðrúnu Backman einlæg þakkir fyrir þessa glæsilegu hugsjón og áráði hennar og eftirfylgni við að hrinda henni í framkvæmd. Án hennar hefði það aldrei orðið. En mikið fagnaðarefni er einnig sá velvilji og skilningur á og virðing fyrir starfsemi Grensásdeildar, sem átakið sýndi að ríkir í þjóðfélaginu öllu. Það er hvatning í starfi fyrir HG og allra aðra sem vilja styðja við og efla þá mikilvægu starfsemi og þjónustu við þjóðina, sem Grensásdeild innir af hendi.
